

FOLDASKÓLI OG SKÓLAHVERFI

Foldaskóli stendur skammt ofan við Grafarvoginn sem er mikil náttúruperla. Kjörorð skólans eru: *siðprýði, menntun, sálarheill* og vísa m.a. til þess að einn hornsteinn menntunar er sjálfsagi og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Unnið er m.a. með uppbyggingarstefnuna þar sem áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér jákvæð lífsgildi. Olweusarverkefnið gegn einelti og andfélagslegri hegðun er einnig hluti af skólastarfinu. Árið 2006 og 2008 hlaut skólinn Grænfánann fyrir umhverfisstarf og virka umhverfisstefnu. Skólinn var móðurskóli í nýsköpun frá 1998 til 2005. Kennsla í nýsköpun er á stundaskrá nemenda í 4.-6. bekk. Húsnæði skólans er vel húið kennslutækjum og tölvum og rúmt er um nemendur og starfsfólk. Í skólanum starfa félagsmiðstöðin Fjörgyn, frístundaheimilið Regnbogaland og Skólahljómsveit Grafarvogs auk tónlistarskóla.

Stofnár	Gerð	Stærð	Fjöldi nemenda 2009	Heildarfjöldi íbúa	Heildarfjöldi íbúða
1985	1.-10.bekkur	7.482m ²	371	3.377	1.138

NEMENDAFJÖLDI OG SPÁ


Skráðir nemendur	Spá um nemendafjölda næstu 5 ár						Fjöldi	Ár
	2010	2011	2012	2013	2014			
2009	343	351	347	336	332	Flestir	1.225	1990
371						Fæstir	161	1985

ÝMSAR STAÐTÖLUR UM HVERFIÐ

	Foldaskóli 2009	Reykjavík 2009
Skil á barnafjölda í hverfi	94,3%	95,3%
Hlutfall nemenda af íbúafjölda hverfis	12%	12%
Fjöldi nemenda í íbúð	0,34	0,38
Hlutfall íbúða í fjölbýli	53%	80%

LÍÐAN OG NÁM

Nemendur í 5. – 7. bekk



Líður *alltaf* eða *oftast* vel í kennslustundum


Námið	2005	2006	2007	2008	2009	Reykjavík 2009
Talnalykill/þurfa stuðning		0,0%	8%	0%	9%	8,8%
Lesskimun/geta lesið sér til gagns	48%	74%	68%	78%	78%	69%
Samræmd próf; framfarastuðull II*						
Íslenska; 10.bekkur	1,01	1,01	0,99	0,97	0,99	
Stærðfræði; 10. bekkur	1,02	1,00	0,99	0,98	0,98	
Íslenska; 7.bekkur	0,98	1,02	0,94	0,99	1,02	
Stærðfræði; 7. bekkur	1,04	1,08	0,97	0,96	1,05	

*Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því að árgangurinn þreytti samræmd próf fyrir á námsferlinum. Framfarastuðull II byggir einungis á þeim nemendum sem þreyta bæði prófin í sama skóla. Talan 1,00 merkir „venjulegar framfarir nemenda“. Tölur 0,94 eða lægri og 1,06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemendahópsins.

STARFSFÓLK

	2005	2006	2007	2008	2009	Reykjavík 2009
Fjöldi stöðugilda	73	73	64	61	57	2.033
Hlutfall stöðugilda kennara	58%	62%	60%	58%	62%	62,3%

Ánægja með starfið almennt



VIÐHORF FORRÁÐAMANNA

Ánægja með skólann almennt

